

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

675. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 6. desember 2010 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við Sæunni Sigvaldadóttur, þroskaþjálf.
3. Bréf Franks Þórs Frankssonar.
4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Nv.
5. Umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga á frumvarpi til breytinga á lögum um málefni fatlaðra
6. Fundur um stöðu atvinnumála í Húnaþingi vestra.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss er mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sem unnið hefur verið að, jólaskreytingar, borun eftir vatni á Laugarbakka, fráveitu ofl.
2. Sæunn Sigvaldadóttir, þroskaþjálf er mætt til viðræðna við byggðarráð. Kynnti hún starf þroskaþjálf í grunnskólanum og lagði áherslu á mikilvægi þess að sérþekking þroskaþjálf nýttist sem best í starfi.
3. Lagt fram bréf Franks Þórs Frankssonar dags. 18. 11.2010, þar sem hann gerir athugasemd við mismunun í gjaldskrá fyrir rjúpnaveiðileyfi. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
4. Lögð fram til kynningar fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 17. nóv. s.l.
5. Lögð fram til kynningar umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til breytinga á lögum um málefni fatlaðra. Elín R. Líndal kynnti.
6. Ákveðið hefur verið að halda fund með forsvarsmönnum fyrirtækja og stofnana um stöðu atvinnumála í Húnaþingi vestra laugardaginn 11. desember n.k. í Hlöðunni. Samþykkt að taka á dagskrá.
7. Úthlutun íbúðar í Nestúni. Samþykkt að úthluta íbúð til Magnúsar Annassonar.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:22

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

